

Kæri viðtakandi – See English below

Vinsamlegast lestu vel eftirfarandi póst sem þú færð frá netstjóra Menntaskólans við Hamrahlíð.

MH innra net.

Nemendur hafa aðgang að borðtölvum sem eru staðsettar á bókasafni og á Miðgarði (3 tölvur). Í stofu 48 eru tölvur sem eru aðallega notað í kennslu. Hægt er að fá fartölvur að láni á bókasafni MH. Einnig eru til staðar fartölvur sem kennarar koma með í kennslustund til notkunar fyrir nemendur.

Allir nýnemar vorannar 2023 munu fá að vita lykilorð sitt, til að komast í tölvur skólans og í Office 365 (Microsoft 365), þegar þeir mæta á kynningarfund sem verður 4. janúar 2023 kl. 13:00. Athugið vel að allir nýnemar þurfa að breyta lykilorðinu sínu strax við fyrstu skráningu. Ef þið lendið í vandræðum með að breyta lykilorðinu getið þið farið á vefsíðuna lykilord.menntasky.is, valið Menntaskólann við Hamrahlíð og fylgt leiðbeiningum. Athugið það þarf rafræn skilríki til að komast í lykilorðabreytinguna. Eftir kynningarfundinn getið þið fylgt eftirfarandi leiðbeiningum:

Til að skrá sig inn í netkerfi MH (tölvur skólans) eða Microsoft365 (Office365) notum við fyrstanafn.uppstafstaf millinafns.kenninafn (nemendur skráðir í MH 2021 eða fyrr, nota kennitöluna sína).

Tökum dæmi: Sigríður Guðrún Björnsdóttir verður sigridur.g.bjornsdottir@mh.is

Til að skrá sig inn á tölvur skólans og/eða í Office365 skal því nota sambærilegt notendanafn og hún Sigríður Guðrún Björnsdóttir, þ.e. sigridur.g.bjornsdottir@mh.is.

Athugið að ekki má nota sér íslenska stafi þannig að t.d. í staðin fyrir "þ" á að nota th og fyrir "æ" skal nota ae.

Til að skrá sig inn í Office 365 (þegar þú hefur fengið lykilorðið á kynningarfundinum) er hægt að fara á heimasíðu MH en þar er hnappur fyrir Office 365 eða slá inn portal.office.com í einhverjum vafra. Notendanafn nemenda og aðgangsorðið er það sama og inn á MH netið t.d. sigridur.g.bjornsdottir@mh.is. Nemendur hafa, í gegnum Office365 skýið, aðgang að Onedrive sem er 1TB geymslusvæði og einnig geta nemendur sett upp Office pakkann á 5 mismunandi tæki hvort sem er fyrir Windows eða MAC tölvur með því að að smella á hnapp hægra megin (Install Office) í Office365 umhverfinu. Í Teams er einnig aðgangur í ýmis forrit eins og Word og Excel.

Ef það eru einhver vandræði með að komast inn í Office365 sendir þú póst á netstjori@mh.is.

Allir nemendur MH þurfa að nota tvíþátta auðkenningu til að skrá sig í Office365 utan skóla. Leiðbeiningar eru á heimasíðu skólans undir Þjónusta-Office 365- Upplýsingar um tvíþátta auðkenningu. Ef vandamál koma upp eftir uppsetningu á tvíþátta aukeningunni, er hægt að endurstilla á vefsíðunni lykilord.menntasky.is

MH þráðlausa netið

Þú sérð þrjú net ef þú skoðar WIFI hjá þér þ.e. MH-Starfsmenn, MH-Nemendur og MH-Secure. **MH-Secure** er notað fyrir fartölvur skólans sem eru fyrir nemendur. **MH-Starfsmenn** er notað fyrir starfsmenn MH sem þurfa að tengjast Internetinu. **MH-Nemendur** er hinsvegar fyrir síma og fartölvur í eigu nemenda og þarftu að skrá þig inn með aðgangsorði. Þitt aðgangsorð er hægt að nota fyrir þrjú tæki t.d. síma, fartölvu og þriðja tæki.

Aðgangsorðið þitt er **MH+kennitala þín+MH** - Dæmi: MH123456888MH ath stórir stafir í MH.

Prentarar

Þú hefur aðgang að þrem prenturum í skólanum þ.e. á Miðgarði, bókasafni og við stofu 48. 100 blöð eru innifalin í skólagjöldum þínum fyrir haustönnina. Ef þig vantar að bæta við blöðum skaltu tala við starfsmenn bókasafnsins eða netstjóra.

Kveðja
Netstjóri MH

English:

MH Computers

Students have access to numerous computers throughout the school, namely open areas like Miðgardur and the Library. There are numerous lap top computers that teachers may bring to the classroom for use during classes.

To use these computers your username is your [Firstname].[first letter middle name].[LastName]@mh.is No special or Icelandic characters allowed.

Example: For the user Nicole Gemma Simmons the login name will be nicole.g.simmons@mh.is

To register Office 365 (after you have got the password that you need to change usually on Introduction meeting now held on January 4th 2023). To access Office365 go to MH website www.mh.is and click on the link to Office 356 or go to the webpage portal.office.com on any browser. The password is the same one that you use to log onto a school computer. With Office365 students have access to OneDrive, 1 TB of secure cloud storage and ability to set up Office on their own devices. This includes both Windows and MAC computers and can be used for up to 5 devices.

All MH students need to use multi factor authentication to access Office 364 outside MH. Just drop by at MH network administrators office to get help to set it up on your mobile phone.

MH Wireless (Wifi) Connection

You will see 3 connections, MH-Starfsmenn, MH-Nemendur og MH-Secure, **MH-Starfsmenn** is for the MH teachers and staff and **MH-Secure** is for school laptops. **MH-Nemendur** is set up for students to access Wifi on up to 3 devices. Your own laptop, tablet and/ or mobile phone.

If you need further assistance please contact one of the IT Support staff, Gunnar or Kent. The school librarians can also possibly assist you.

Printing

Students have access to 3 printers in the school. Midgardur, Classroom (Stofa) 48 and the Library (Bókasafn). For the term you have a print quota of 100 pages, if you need more it can be purchased in the Library or talk to IT support.